



Vildi ekki vera dreginn út af vinnustaðnum með naglaförin á veggjunum

„Ég hlakka ekki endilega til að hætta,“ segir Þórólfur Guðnason sem kveður starf sitt sem sóttvarnalæknir þann 1. september, nákvæmlega 7 árum eftir að hann tók við því. „Ég hef haft ánægju af starfinu og brunnið fyrir því“

■■■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Ég hef lært mikið og tel mig hafa mikið fram að færa. Hef unnið með frábæru fólki. Hef alltaf hlakkað til að fara í vinnuna, á hverjum einasta morgni, og þess vegna hlakka ég ekki til að hætta. Það er eðlilegur vendipunktur hjá öllum að hætta að vinna. Þá er eins gott að maður skipuleggi og ákveði brottförina sjálfur,“ segir hann og brosir þar sem tekur á móti blaðamanni *Læknablaðsins* hjá Embætti landlæknis í Höfðatorgsturninum. Júní. Enn þrjú mánuðir í lokadaginn.

„Ég held að það sé verst að brenna upp í því sem maður er að gera. Þetta er ástríðustarf og það mun því örugglega taka mig einhvern tíma að jafna mig eftir starfslokinn,“ segir Þórólfur raunsær. Hann er sérfræðingur í barnalækningum og smitsjúkdómum barna. Útskrifaðist úr lækisfræði frá HÍ 1981 og sérmenntaði sig í Bandaríkjunum. Hann hóf störf sem yfirlæknir á sóttvarnsviði Embættis landlæknis árið 2002. Fyrir tveimur áratugum.

Metur samstarfsfólkið mikils

„Það er ekki auðvelt að gefa eftirmanni sínum almenn ráð en mín eru þau að trúa og treysta á innsæi sitt. Leita ráðlegginga hjá réttu fólki þegar á þarf að halda. Vera í samstarfi við fólk. Passa að hafa gott samferðafólk með sér í vinnunni. Hafa andrúmsloftið og mórallinn þannig að þú getir staðið í svona verkefni frá degi til dags,“ ráðleggur Þórólfur arftaka sínum. Hann

segir að sóttvarnalæknir þurfi að koma fram með þær lausnir sem hann trúir á.

„Þær þurfa ekki að vera þær sömu og ég kom með,“ segir Þórólfur. En mun eftirmaðurinn fást við COVID-veiruna áfram? „Já, hún mallar enn í samfélaginu og margir angar eiga eftir að koma upp. Ákveða þarf framtíðarfyrirkomulag bólusetninga. Hvernig á að fylgjast með veirunni áfram. Ákveða hvort grípa þurfi til nýrra ráðstafana. Svo koma nýjar veirur eins og apabóluveiran. Það verða eilífar áskoranir,“ segir Þórólfur sem trúir því að í framtíðinni þurfi að beita svipuðum nálgunum og nú í faraldrinum. Alltaf þurfi þó að ákveða hversu víðtækar aðgerðirnar eigi að vera.

Fálkaorða fyrir árangurinn

En bjóst Þórólfur við að ákvarðanir hans í faraldrinum, fjarlægðartakmarkanir, snertilaus samskipti og grímur, ættu eftir að hafa svona víðtæk áhrif á hegðun fólks?

„Já, ég var að vona það,“ segir hann og hlær. En hann sé ekki viss um að þessi breytta hegðun sé komin til að vera. „Mér sýnist nú að við séum nokkurn veginn að fara í sama farið og fyrr. Fólk er farið að heilsast og ég er sjálfur þar þótt það fljúgi þá í kollinn á mér hvort ég sé að gera rétt.“ Hann hugsar til efnahagshrunsins árið 2008. „Þá sagði fólk að nú myndi þankagangurinn breytast. Fólk yrði varkárara í fjárfestingum. Ég get ekki séð að það

hafi gerst. Lífið fer í hringi og við endum stundum á sama stað eftir að hafa farið langa Krýsuvíkurlíð.“

Blaðamaðurinn snýr talinu enn og aftur að lokapunktinum. Starfslokunum. Ekki árangrinum. Hann er ljós. Fálkaorðan staðfestir hann. „Það er mikilvægt að undirbúa starfslok vel svo þau verði ekki eitt allsherjar sjökk,“ segir Þórólfur.

Undirbýr starfslokinn

„En hvernig á maður að undirbúa sig? Margir undirbúa sig með því að koma sér upp áhugamáli sem tekur huga þeirra. Menn þurfa að gera eitthvað. Menn geta ekki vaknað, lesið Morgunblaðið – minningargreinarnar. Farið svo út í búð til að kaupa sér kringlur og brauð, lagt sig, gluggað í fleiri blöð og farið að sofa. Ef rútínan verður þannig, geta starfslokinn orðið áfall,“ segir Þórólfur sem ákvað að taka málin í sínar hendur og hætta ári fyrir sjötugt. Ári áður en honum yrði gert að hætta.

„Ég vildi ekki vera dreginn út af vinnustaðnum með naglaförin á veggjunum.“ Það sé ekki gott að halda ekki sjálfur um stjórnartaumana. Margt spili inn í. Bæði persónulega og faglega. Starf sóttvarnalækns hafi verið krefjandi síðustu tvö ár. Heimsfaraldur. Gríðarlegur hraði og hann kominn á hefðbundinn eftirlaunaaldur.

„Það var alltaf verið að spyrja mig: Hvenær ætlar þú að hætta? Ég sagði að

„Ég vildi ekki vera dreginn út af vinnustaðnum með naglaförin á veggjunum,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sem hættir störfum ári fyrir sjötugt. Mynd/gag

ég færi ekki á meðan ég teldi að það væri virkileg þörf á mér. Það hefði verið óeðlilegt af mér að hætta í miðjum klíðum, miðjum faraldri. Bæði hefði það sent röng skilaboð og getað haft áhrif á samstöðuna. Flótti hefði getað komið í liðið. Ég vildi það ekki,“ segir Þórólfur sem svarar litlu um undirbúninginn, plönin. Kannski engin!

Ljóni yfir lokaárunum

En hefði hann viljað takast fyrir á starfsaldrinum við heimsfaraldur frekar en nú við lok hans?

„Mér finnst ákveðinn ljóni yfir því að ljúka starfsferlinum með svona faraldri. Ég er ekki að meina þetta illa. Ég hef undirbúið mig alla tíð fyrir faraldur og fyrst hann þurfti að koma held ég að þessi tímasetning hafi ekki verið verri en önnur fyrir mig.“

Þórólfur segir faraldurinn ekki hafa kipt undan honum fótunum á neinn máta. Hann var tilbúinn. „Auðvitað erum við lúin en það er samt sem áður lærdómur og ljós sem maður hefði getað tekið með sér og rífið áfram.“

Nú þegar um hægist hafi myndast ákveðið tómarúm. „Þá þarf að huga að mörgum þáttum sem þarf að byggja upp aftur og það til framtíðar.“ Í þessum uppbyggingarfasa sé hentugra að nýr aðili komi inn enda þurfi nú að horfa í baksýnisspegilinn og sjá hvernig til tókst.

„Vorur við rétt undirbúin? Vel undirbúin? Hvað getum við tekið með okkur til að vera betur undirbúin næst, því það kemur aftur faraldur. Það eru fjölmargir þættir sem urðu öðruvísi en við bjuggumst við. Margt sem var allt öðruvísi.“

Hvað var öðruvísi? Hann nefnir að til að mynda að aldrei hafi verið hugsað hvað faraldurinn yrði langur. Alltaf hafi verið hugsað í vikum eða mánuðum. Faraldur myndi valda usla og svo yrði farið í uppbyggingarfasa.

„En að þetta myndi taka tvö ár grunaði



mig aldrei. Auðvitað sá maður þegar okkur tókst að sveigja þessa frægu kúrfu niður að faraldurinn gæti dregist á langinn.“ Hann hafi bundið miklar væntingar við bóluefni og að þau myndu binda endi á faraldurinn. Ófullnægjandi virkni þeirra hafi verið viss vonbrigði.

„Auðvitað var þó ótrúlegt hvað tókst fljótt að búa til bóluefni með nýjum aðferðum en við hefðum viljað sjá þau koma í veg fyrir smit.“ Ánægjulegt hafi þó verið að sjá að bóluefnin komu í veg fyrir alvarleg veikindi.

Passasamari um orð sín

Blaðamaður fullyrðir að Þórólfur hafi farið frá því að vera lítt þekktur opinber starfsmaður í að verða þjóðþekktur í faraldrinum. Maður sem þjóðin treysti ásamt þrjúkinu sínu, Ölmú Möller og Víði Reynissyni. Breytti þetta ekki daglegu lífi hans?

„Nei, og þetta hefur ekki breytt mér neitt nema ég er meðvitaðri um að það er meira fylgst með því sem maður gerir og segir. Ég þarf því að passa að sleppa ekki eins fram af mér beislinu og ég gerði og segja eitthvað í gáleysi. Það er út af fyrir sig svolítið óþægilegt því mér finnst gaman að geta talað gáleysislega í réttum hópi,“ segir hann léttur. „En það er eiginlega eina breytingin í sjálfa sér. Ég hef mendi góðu viðmóti alls staðar, þótt menn sétt mér pillur á samfélagsmiðlum. Það er þá fólk sem ég þekki ekki neitt og talar á þann máta að á því er ekki mark takandi.“

En hvað með gagnrýnisraddir á

ákvarðanir hans meðal lækna? „Já, þær voru helst í byrjun,“ segir hann og að skoðanaskipti séu nauðsynleg. „Ég tek til skoðunar það sem menn segja, en mér fannst hins vegar og svaraði því oft þegar gagnrýnin var byggð á röngum forsendum. Jafnvel þótt menn séu læknar eru ekki allir sem hafa innsýn inn í smit-sjúkdóma og faraldsfræði.“ Hann hafi þá svarað því faglega en ekki gagnrýnt að fá gagnrýni. „Enda voru menn ekkert að hnýta í mig persónulega.“

En hverju er hann stoltastur af? „Ég get verið ágætlega stoltur af sjálfum mér. Mér finnst ég hafa komið ágætlega út úr þessu sjálfur með aðstoð fjölskyldu minnar og fólksins í kringum mig,“ segir hann. „Ég er stoltur af samstarfsfólki mínu hjá sóttvarnalækni, Embætti landlæknis, almannavörnum og heilbrigðisstofnunum. Einnig er ég stoltur af aðkomu Íslenskrar erfðagreiningar snemma í faraldrinum. Aðkoma þeirra gerði mikið til að skilja faraldurinn og grípa til réttra aðgerða.“ Hann bendir á að margt fólk sem ekki hafi verið sýnilegt hafi unnið dag og nótt í faraldrinum.

„Ég er stoltur af þeim samtakamætti sem við náðum hjá almenningi, stoltur af stjórnkerfinu og ríkisstjórninni. Það var ekki auðvelt hjá þeim að fara þá leið sem var farin. Hefði önnur leið verið farin, sem var kallað eftir – jafnvel innan ríkisstjórnarinnar, held ég að þetta hefði endað verr. Við hefðum verið í miklum vanda.“